

# Hagnaður N1 1.617 milljónir króna árið 2014

## Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) árið 2014 nam 2.668 m.kr. samanborið við 1.783 m.kr. árið 2013.
- Framlegð af vörusölu jókst um 5,2% á árinu 2014.
- Þróun heimsmarkaðsverðs á olíu undir lok ársins hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins.
- Söluhagnaður af fasteign félagsins að Bíldshöfða 9 var um 81 m.kr. á 4. ársfjórðungi 2014.
- EBITDA var 502 m.kr. á 4. ársfjórðungi 2014 (4F2013: 56 m.kr.).
- Eigið fé var 11.259 m.kr. og eiginfjárhlutfall 49,4% í lok árs 2014.
- Arðsemi eiginfjár var 12,3% (2013: 4,5%).
- Hreinar vaxtaberandi skuldir voru samtals 1.950 m.kr. í árslok 2014 (2013: 910 m.kr. ) en ef tekið er tillit til eignarhluta félagsins í hlutdeildarfélögum þá voru hreinar vaxtaberandi skuldir í árslok 2014 490 m.kr. (2013 -467 m.kr.)
- Veltuhraði birgða var 15,11 á árinu 2014 (2013: 11,35 ).
- Meðalfjöldi stöðugilda var 560 á árinu 2014 (2013: 600).
- Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 840 m.kr. verði greiddur til hluthafa á árinu 2015 sem samsvarar 1,2 krónum á hvern hlut.
- Í samræmi við fyrirliggjandi markmið um fjármagnsskipan félagsins mun stjórn félagsins leggja til við aðalfund að hlutfé verði lækkað um 230 m.kr. að nafnverði og að hluthöfum verði greiddar út 2.960 m.kr. þegar fyrir liggur samþykki hluthafafundar og opinberra aðila.

Þúsundir króna	4F 2014	4F 2013	Breyt.	% Breyt.	2014	2013	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Framlegð af vörusölu	2.083.909	2.015.225	68.684	3,4%	9.604.720	9.127.391	477.329	5,2%
Aðrar rekstrartekjur	184.388	89.911	94.477	105,1%	497.802	365.987	131.815	36,0%
EBITDA	502.229	55.986	446.243	797,1%	2.668.349	1.783.336	885.013	49,6%
EBIT	278.802	-140.202	419.004	298,9%	1.921.153	1.067.297	853.856	80,0%
EBT	348.097	-178.246	526.343	295,3%	2.009.770	984.337	1.025.433	104,2%
Hagnaður tímabilsins	282.894	-141.320	424.214	300,2%	1.627.550	670.073	957.477	142,9%
<b>Efnahagsreikningur</b>								
Birgðir	-	-	-	-	3.134.257	4.317.801	-1.183.544	-27,4%
Viðskiptakröfur	-	-	-	-	3.042.593	3.150.385	-107.792	-3,4%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	6.580.000	6.930.000	-350.000	-5,1%
Handbært fé	-	-	-	-	4.629.100	6.019.414	-1.390.314	-23,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	490.054	-467.274	957.328	-204,9%
<b>Sjóðstreymi</b>								
Handbært fé frá rekstri	1.203.071	251.668	951.403	378,0%	3.958.547	4.553.689	-595.142	-13,1%
Fjárfestingahreyfingar	1.158.394	-236.828	1.395.222	389,1%	937.865	490.887	446.978	91,1%
Fjármögnunarhreyfingar	-4.006.103	-111.284	-3.894.819	-3499,9%	-6.327.368	-1.521.657	-4.805.711	-315,8%
Handbært fé í lok tímabils	4.629.100	6.019.414	-1.390.314	-23,1%	4.629.100	6.019.414	-1.390.314	-23,1%
<b>Lykiltölur</b>								
EBITDA/framlegð	24,1%	2,78%	21,32%	767,5%	27,8%	19,5%	8,2%	42,2%
Eiginfjárhlutfall	-	-	-	-	49,4%	56,5%	-7,1%	-12,6%
Laun/framlegð	46,1%	47,7%	-1,7%	-3,5%	39,9%	41,5%	-1,6%	-3,9%
Hagnaður á hlut	0,28	-0,14	0,42	300,0%	1,67	0,67	1,00	149,3%
Arðsemi eiginfjár	-	-	-	-	12,3%	4,5%	7,8%	173,3%
Fjárfestingar	-65.153	-264.008	198.855	75,3%	-395.642	-1.474.536	1.078.894	73,2%
Veltuhraði birgða	12,25	9,77	2,48	25,4%	15,11	11,35	3,76	33,1%
Markaðshlutdeild án JET	36,07%	34,41%	1,66%	4,82%	37,21%	35,66%	1,55%	4,35%
Markaðshlutdeild bensin	29,24%	28,18%	1,06%	3,76%	31,08%	30,48%	0,60%	1,97%

## Rekstur fjórða ársfjórðungs

<i>Þúsundir króna</i>	4F 2014	4F 2013	Breyt.	% Breyt.	2014	2013	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Framlegð af vörusölu	2.083.909	2.015.225	68.684	3,4%	9.604.720	9.127.391	477.329	5,2%
Aðrar rekstrartekjur	184.388	88.911	95.477	107,4%	497.802	365.987	131.815	36,0%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-960.048	-961.698	-1.650	-0,2%	-3.830.592	-3.788.840	41.752	1,1%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-464.488	-427.364	37.124	8,7%	-2.135.611	-2.021.189	114.422	5,7%
Annar rekstrarkostnaður	-341.532	-659.088	-317.556	-48,2%	-1.467.970	-1.900.013	-432.043	-22,7%
EBITDA	502.229	55.986	446.243	797,1%	2.668.349	1.783.336	885.013	49,6%

EBITDA án söluhagnaðar fasteigna var undir áætlun á fjórða ársfjórðungi en á fjórðungnum varð snörp lækkun á olíuverði á heimsmarkaði, minni umsvif voru hjá lykil viðskiptavinum félagsins í sjávarútvegi og einnig var slæmt tíðarfar á seinni hluta ársfjórðungsins. Á fjórða ársfjórðungi 2013 var kostnaður við skráningu félagsins í Kauphöll umtalsverður sem skýrir að stærstum hluta lægri rekstrarkostnað á fjórða ársfjórðungi 2014.

## Tekjur á fjórða ársfjórðungi

<i>Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í þúsundum króna</i>	4F 2014	4F 2013	Breyt.	% Breyt.	2014	2013	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	12.018	11.739	279	2,4%	56	56	0	0,5%
Selt magn - gasolía	17.114	16.478	636	3,9%	77	75	3	3,4%
Selt magn - heild án JET	48.547	47.262	1.285	2,7%	233	224	9	4,2%
Velta annarra vara	2.526.357	2.610.397	-84.040	-3,2%	10.167.523	11.366.468	-1.198.945	-10,5%
Framlegð eldsneytis	1.017.234	1.001.058	16.176	1,6%	5.278.548	4.973.098	305.450	6,1%
Framlegð annarra vara	1.066.675	1.014.167	52.508	5,2%	4.326.172	4.154.293	171.879	4,1%

<i>Þúsundir króna</i>	4F 2014	4F 2013	Breyt.	% Breyt.	2014	2013	Breyt.	% Breyt.
Markaðshlutdeild án JET	36,07%	34,41%	1,66%	4,82%	37,21%	35,66%	1,55%	4,35%
Markaðshlutdeild bensín	29,24%	28,18%	1,06%	3,76%	31,08%	30,48%	0,60%	1,97%

Selt magn af eldsneyti án flugvélaeldsneytis (JET) jókst um 2,7% en vegna lækkunar á olíuverði á fjórða ársfjórðungi var framlegð félagsins af hverjum seldum lítra lægri en á fjórða ársfjórðungi 2013. Félagið á alltaf birgðir af eldsneyti um allt land og þegar verð lækkar hratt eins og á fjórða ársfjórðungi 2014 þá verður félagið fyrir tapi af þeim birgðum þar sem það selur eldsneyti á hverjum tíma á verði sem tekur mið af heimsmarkaðsverði. Velta annarra vara dróst saman um 3,2% en framlegð jókst um 5,2% sem skýrist að mestu af markvissari birgðastýringu sem unnið hefur verið að á síðustu misserum.

## Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi

<i>Púsundir króna</i>	4F 2014	4F 2013	Breyt.	% Breyt.	2014	2013	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-960.048	-961.698	-1.650	-0,2%	-3.830.592	-3.788.840	41.752	1,1%
Dreifingarkostnaður	-323.155	-282.227	40.928	14,5%	-1.499.711	-1.391.031	108.680	7,8%
Markaðskostnaður	-59.041	-97.942	-38.901	-39,7%	-301.122	-350.489	-49.367	-14,1%
Viðhaldskostnaður	-82.292	-47.195	35.097	74,4%	-334.778	-279.669	55.109	19,7%
Annar rekstrarkostnaður	-341.532	-659.088	-317.556	-48,2%	-1.467.970	-1.900.013	-432.043	-22,7%
Samtals	-1.766.068	-2.048.150	-282.082	-13,8%	-7.434.173	-7.710.042	-275.869	-3,6%

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf á fjórða ársfjórðungi 2014 var 501 en var 540 á fjórða ársfjórðungi 2013. Dreifingarkostnaður var 14,5% hærri á fjórða ársfjórðungi 2014 sem skýrist af stærstum hluta af breyttri samsetningu í sölu miðað við fjórða ársfjórðung 2013 ásamt verðhækkunum hjá Olíudreifingu. Markaðskostnaður og annar rekstrarkostnaður er umtalsvert lægri á fjórða ársfjórðungi 2014 þar sem kostnaður við skráningu á Nasdaq OMX Iceland hf. féll til á fjórða ársfjórðungi 2013. Aukinn viðhaldskostnaður er hluti af langtímaáætlun um viðhald fasteigna.

## Fjármagnsliðir

<i>Púsundir króna</i>	4F 2014	4F 2013	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	155.508	74.513	80.995	108,7%
Fjármagnsgjöld	-110.855	-126.258	-15.403	-12,2%
Áhrif hlutdeildarféлага	4.665	-30.453	35.118	115,3%
Gangvörðsbreyting hlutabréf	19.977	44.154	-24.177	-54,8%
Samtals	69.295	-38.044	107.339	282,1%

Fjármunatekjur voru hærri á fjórða fjórðungi 2014 en á sama tímabili árið á undan vegna hagstæðrar þróunar á USD/ISK. Öll skráð hlutabréf í eigu félagsins voru seld fyrir lok ársins.

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

<i>Púsundir króna</i>	2014	2013	Breyting	% Breyting
Birgðir	3.134.257	4.317.801	-1.183.544	-27,4%
Viðskiptakröfur	3.042.593	3.150.385	-107.792	-3,4%
Vaxtaberandi skuldir	6.580.000	6.930.000	-350.000	-5,1%
Handbært fé	4.629.100	6.019.414	-1.390.314	-23,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir	490.054	-467.274	957.328	-204,9%
Eiginfjárhlutfall	49,4%	56,5%	-7,1%	-12,6%
Veltufjárhlutfall	2,40	3,14	-0,74	-23,6%

Lækkun birgða er vegna aukins veltuhraða og lægra olíuverðs. Afborganir vaxtaberandi skulda voru 350 m.kr., fjárfest var fyrir 445 m.kr., greiddur var arður að fjárhæð 1.650 m.kr. og jafnframt var hlutafé lækkað um 30% og 3.860 m.kr. greiddar út til hluthafa.

## Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2015

- Áfram verður lögð áhersla á að auka veltuhraða birgða og lækka rekstrarkostnað.
- Órói á olíumörkuðum mun hafa áhrif á framlegð og fjárbindingu.
- Áfram verður unnið að fjármagnsskipan sem endurspeglar stefnu félagsins um eiginfjárstýringu.
- Stefnir í ágæta loðnuvertíð og áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna sem mun hafa jákvæð áhrif á afkomu félagsins.

EBITDA spá fyrir 2015 gerir ráð fyrir að EBITDA muni hækka samanborið við árið 2014 og verða á bilinu 2.800 - 2.900 m.kr. Sú spá gerir ráð fyrir því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 130. Rekstur félagsins er sveiflukennður og stærsti hluti EBITDA fellur til á 2. og 3ja ársfjórðungi.

## Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í árslok 2014 nam 16,3 milljörðum króna.
- Á árinu 2014 greiddi félagið 1.650 m.kr. í arð og 3.860 m.kr. vegna lækkunar hlutafjár.
- Markaðsvirði félagsins var 18,9 milljarðar króna í lok árs 2013 og var ávöxtun hluthafa 2014 því um 15,4% að teknu tilliti til arðgreiðslu og lækkunar hlutafjár.

## Kynningarfundur fimmtudaginn 26. febrúar 2015

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 26. febrúar 2015 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Þór Kristófersson, fjármálastjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/n1/fjarfestatengsl/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

## Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur N1 hf. var samþykktur á stjórnarfundi þann 25. febrúar 2015. Ársreikningurinn var endurskoðaður af Ernst & Young ehf.

## Fjárhagsdagatal

- Aðalfundur: 23. mars 2015
- Uppgjör 1. ársfjórðungs: 27. maí 2015
- Uppgjör 2. ársfjórðungs: 26. ágúst 2015
- Uppgjör 3. ársfjórðungs: 25. nóvember 2015
- Ársreikningur 2015: 24. febrúar 2016

Nánari upplýsingar veitir Eggert Þór Kristófersson, fjármálastjóri, (eggert@n1.is).